**I. Skilgreiningar (20%):**

Skilgreinið eftirfarandi hugtök og tengið höfund, verk og tímabil (ár/áratugur)við hvert hugtak:

expressjónismi

karnivalismi

absúrdismi

töfraraunsæi

Einræður Starkaðar

Eitt bros – getur dimmu í dagsljós breytt,
sem dropi breytir veig heillar skálar.
Þel getur snúist við atorð eitt.
Aðgát skal höfð í nærveru sálar.
Svo oft leyndist strengur í brjósti sem brast
við biturt andsvar, gefið án saka.
Hve iðrar margt líf eitt augnakast,
sem aldrei verður tekið til baka.

1. Eftir hvern er þetta ljóð? (2%)

2. Gerið grein fyrir formi, efni og mál og stíl (9%)

Form:

Efni:

Mál og stíll:

## Stuttar spurningar (32%)

Súrrealismi (10%)

a. Gerið grein fyrir **súrrealisma** og tengið eftirfarandi hugtök við hann: Vefarinn frá Kasmír, Medúsa, Sjón, Undir vængjum valkyrjunnar.

Módernismi (24%)

a. Hverjir voru **brautryðjendur** módernismans hér á landi, hvaða verk gáfu þeir út og hvenær? (6%)

b. Hvað var **módernískt** við verkin þeirra og hvað var **hefðbundið**? (6%)

c. **Afríka** eftir Hannes Sigfússon flokkast sem módernískt verk. Að hvaða leyti? (10%)

**Gerið bókmenntalega grein fyrir eftirtöldum verkum (22%):**

**Verkamaður**
Eftir hvern er þetta verk og til hvaða bókmenntastefnu heyrir það? (3%)

Hvernig koma einkenni þeirrar bókmenntastefnu fram í verkinu? (Form, efni, mál og stíll) (8%)

**Gjalddagar**

Eftir hvern er þetta verk og til hvaða bókmenntastefnu heyrir það? (3%)

Hvernig koma einkenni þeirra bókmenntastefnu fram í verkinu? (8%)

### Kveðið í gljúfrum (brot)

Vegmóðum var mér úthýst,
- válega hvein í tindum -
bölvaði ég þá bónda,
börnunum hans og öllu;
dimmdi óðum af degi,
dundi foss í gili;
gekk ég án nokkurrar glætu,
gekk ég í opinn dauða,
gekk ég í sjálfan dauða.

Gekk ég í gljúfrin svörtu,
gínandi sprungan tók mig,
bein mín lágu þar brotin,
blóð mitt litaði stalla.
Lá ég einn og óhægt
í eilífu svarta myrkri;
en beinin mín brotnu hvítna,
þau bein hafa verið að meini,
þau bein skulu verða að meini.

### Bikarinn (brot)

Bak við mig bíður dauðinn,
ber hann hendi styrkri
hyldjúpan næturhimin
helltan fullan af myrkri

### Hel (brot)

Hvíldarlausa líf!
Sé neistinn, sem á að brenna þig upp til agna, einu sinni tendraður, þá sloknar hann ekki, sofnar hann aldrei, fyr en hann hefur unnið verk sitt að fullu. Þér er ekki til neins að leita griðastaðar. Þú ert eins og veðhlaupahestur, sem hleypur eirðarlaust að marki, sem honum aldrei er ætlað að ná, marki, sem ef til vill hefur aldrei verið nema hugarburður.

### Fuglinn í fjörunni (brot)

---
Hvert ætlaðir þú?
Suður, suður! Hver hefur kennt þér þetta flug? Hvaðan er hún sprottin þessi óstöðvandi hvöt til landa fyrir handan haf? – Ó, þú ert svo ung og saklaus. ... Ég heyrði þegar þið fluguð yfir skóginn, fögnuð hins frjálsa í vængjasúginum, unaðinn sem streymir þegar einráð löngun hrópar og henna er fylgt ofar öllu sem tálmar – sælan villta sem brennur til himins og hverfur sinn eigin veg.
---
Hjarta fuglsins í búrinu brestur af kvöl. Sprakk þitt af fögnuði? Æ, nei – við ráðum ekki gátur dauðans, hvorki stórar né smáar.

Þetta eru kvæði frá tímabili sem kennt hefur verið við **nýrómantík**.
Rökstyddu það með dæmum úr ljóðunum. (Tvö dæmi úr hverju verki). (15%)